Hópuppsagnir í janúar 2009

3. febrúar 2009

Í janúar bárust Vinnumálastofnun 10 tilkynningar um hópuppsagnir þar sem sagt var upp samtals 167 einstaklingum. Fjórar tilkynningar voru úr mannvirkjagerð með samtals 50% þeirra sem sagt var upp með þessum hætti, aðrar uppsagnir dreifðust á flutningastarfsemi, fjármálastarfsemi, verslun, iðnað og upplýsinga- og útgáfustarfsemi.

Mynd 1. Skipting hópuppsagna í janúar á atvinnugreinar



Helstu ástæður uppsagna eru rekstrarerfiðleikar, verkefnaskortur og endurskipulagning. Flestar uppsagnirnar sem tilkynntar voru í janúar koma til framkvæmda í maí, en allmargar í mars og apríl. Ef litið er á allar tilkynntar hópuppsagnir, sem borist hafa síðustu mánuði og koma til framkvæmda á árinu 2009, má sjá að flestir eru að missa vinnu nú í febrúar, eða yfir 1.100 manns, tæplega 500 manns missa vinnuna í byrjun mars, ríflega 200 í byrjun apríl og um 100 manns í maí.

Mynd 2. Hópuppsagnir sem koma til framkvæmda á árinu 2009